

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir Suðvesturland 2022-2033

Teitur Gunnarsson

Kynning fyrir Sorpstöð Suðurlands 28.01.2022



MANNVIT



Sköpum og stuðlum
að sjálfbærnu samfélagi

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs

- Samvinnuverkefni sorpsamlaganna á Suðvesturlandi: Sorpstöðvar Suðurlands, KÖLKU, SORPU og Sorpurðunar Vesturlands
- Samráðsvettvangur sorpsamlaganna hefur stýrt vinnunni
 - Frá SORPU: Líf Magneudóttir, formaður, og Jón Viggó Gunnarsson frkstj
 - Áður Björn Halldórsson og Helgi Þór Ingason
 - Frá SOS: Jón Valgeirsson, formaður og Anton Kári Halldórsson varaformaður
 - Frá Kólku: Steinþór Þórðarson frkstj og Önundur Jónasson formaður
 - Áður Jón Norðfjörð og Inga Rut Hlöðversdóttir
 - Frá SV: Hrefna Jónsdóttir frkstj. og Kristinn Jónasson formaður
 - Fjölmargir hafa lagt hönd á plóg, en ritstjórn, umsjón og umhverfismat hefur verið í höndum Mannvits

Sagan

- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Samstarfssamningur Sorpstöðvar Suðurlands, Sorpeyðingar Suðurnesja (Kölku), SORPU og Sorpurðunar Vesturlands um gerð svæðisáætlunar er upphaflega frá 2003
- Fyrsta svæðisáætlunin var gefin út 2005 – var fyrst og fremst stöðutaka
- Strax var hafinn undirbúningur að næstu áætlun þar sem bornar voru sama mismunandi meðhöndlunarleiðir fyrir lífrænan úrgang, urðunarstaðir og brennslustöðvar. Niðurstaðan kom út 2009. Gasgerð best, svo jarðgerð, en brennslu þyrfti fyrir brennanlegan úrgang. 20 mögulegir urðunarstaðir fundnir – en ákveðið að halda þeim sem þá voru í rekstri
- 2012 og 2015 var endurskoðun frestað vegna 40% samdráttar úrgangsmagns 2009
- 2017 var ákveðið að hefjast aftur handa og endurnýja áætlunina, vegna vaxandi úrgangsmagns og að breyttar reglur voru í undirbúningi

Vinnan við endurskoðun svæðisáætlunar

- 2017 var samþykkt að endurskoða gildandi svæðisáætlun á þremur árum 2017-2019
- Verkefninu var skipt í hluta og þeir unnir 2017, 2018 og að hluta 2019.
 - Tekinn var saman kafli um lög og reglugerðir sem taka þurfti tillit til 2017. Kaflinn var unninn í samstarfi við Lúðvík Gústafsson hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þarna var einnig tekið tillit til regluverks Evrópusambandsins sem var í smíðum.
 - Vegna mikilla breytinga á lögum og reglum hefur þurft að endurskrifa kaflann tvívegis vegna lagabreytinga. Leitað var til Stefáns Gíslasonar með yfirlestur yfir kaflann í sumarið 2021 eftir lagabreytingar í júní það ár.
 - Kannað var með heimsóknum til Bandaríkjanna, Skandinavíu, Þýskalands og Portúgal hver væri nýjasta tækni í notkun við meðhöndlun úrgangs. Sóttar voru tæknisýningar og seljendur komu hingað til lands til að kynna nýjungar.
 - Magn úrgangs var tekið saman fyrir 2017 og það endurskoðað fyrir 2020
 - Gert var spálíkan fyrir íbúapróun fyrir einstök samlagssvæði

Vinnan við endurskoðun svæðisáætlunar

- Vorið 2019 var komið að hinni eiginlegu stefnumótun til næstu ára, en hún dróst nokkuð af ýmsum ástæðum, sem sumar eru þekktar úr fjölmiðlum. Þá lá fyrir Alþingi frumvarp Umhverfisstofnunar um breytingar á lögum nr. 55/2003, sem m.a. gerði ráð fyrir að aukin sorpflokkun.
 - Sorpstöð Suðurlands fékk Stefán Gíslason (Environice) til að vinna kaflann fyrir Suðurland
 - Kaflinn fyrir Suðurnes var unninn af Steinþóri Þórðarsyni frkstj. með aðstoð Karls Eðvaldssonar (Resource International)
 - Kaflinn fyrir höfuðborgarsvæðið var unninn af Páli Guðjónssyni frv. frkstj. Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu ásamt nefnd eigenda SORPU
 - Kaflinn fyrir Vesturland var unninn af Teiti Gunnarssyni (Mannvit) ásamt nefnd eigenda Sorpurðunar Vesturlands
- Reynt var eftir föngum að taka tillit til breytinga sem boðaðar voru í fyrirbyggjandi frumvarpi ráðherra

Endurskoðuð svæðisáætlun

- Þegar kaflar um stefnu voru tilbúnir fyrir öll sorpsamlögin var þeim komið fyrir í samantekinni svæðisáætlun. Textinn var tilbúinn í maí 2021 og sendur í yfirlestur.
- Stefán Gíslason (Environice) og Gyða S. Björnsdóttir, sjálfbærnifræðingur hjá SORPU voru fengin til að lesa hana yfir, lagfæra og samræma texta
- Áætlunin var samþykkt til bráðabirgða í júní 2021 og var síðan aðgengileg á heimasíðu verkefnisins: www.samlausn.is þar til umsagnarferli umhverfismats lauk 29. október 2021
- Í umhverfismatsferli bárust fjölmargar ábendingar og athugasemdir, sem flestar til bóta og var texti áætlunarinnar lagfærður til samræmis og lokaútgáfa samþykkt og sett á vefinn
- Fyrirhugað er að hvert sorpsamlag hafi kynningu fyrir sveitarstjórnir á sínu svæði. Á undirbúningstíma hafa einnig verið haldnar nokkrar kynningar fyrir sveitarstjórnarfólk þegar eftir því hefur verið leitað
- Við vinnuna hefur verið lögð áhersla á að sveitarstjórnarfólk sé upplýst og með í ráðum

Megináherslur

1. Meginmarkmið er að heildarmagn úrgangs á samlagssvæðunum aukist ekki á fram til 2033. Þetta samsvarar um 1,5% samdrætti í magni úrgangs á íbúa á ári á áætlunartímanum
2. Samræmd og aukin flokkun og beitingu grænna gjaldskráa til að hvetja til flokkunar úrgangs í samræmi við nýbreytt lög um meðhöndlun úrgangs (103/2021)
3. Endurvinnsla lífræns úrgangs með gas- og/eða jarðgerð. Urðun hans verði hætt eins fljótt og unnt er
4. Endurvinnsla annarra úrgangsflokka eins og kostur er
5. Brennsla brennanlegs úrgangs sem ekki reynist hægt að endurvinna. Annað hvort með brennslu erlendis eða hér á landi þegar/ef hagkvæmt reynist að byggja hér hátæknibrennslustöð
6. Draga skal úr urðun og stefnt að því að til urðunar fari innan við 10% af öllum úrgangi og eingöngu óvirkur úrgangur eins og hann er skilgreindur í lögum nr. 55/2003.
7. Markmiðin voru unnin í samræmi við tilskipanir Evrópusambandsins frá 2018, sem síðan voru lögfest hér á landi með lögum nr. 103/2021 og kennd eru við hringrásarhagkerfið.

Verkefni í vinnslu

- Tvö stór verkefni eru enn í vinnslu og ekki fengist niðurstaða í þeim enn
- Annars vegar er það hvort brenna eigi úrgang hér á landi eða erlendis. Sorpsamlögin sem að áætluninni standa hafa stofnað vinnuhóp til að gera skoðun á þessu og eru fyrstu niðurstöður að bygging brennslustöðvar fyrir allt landið geti verið hagkvæmur kostur. Frekari skoðun á tæknilegur og fjárhagslegum atriðum þarf þó að gera áður en ákvörðun verður tekin.
- Ljóst er að jafnvel þó niðurstaðan verði á endanum að hagkvæmt sé að brenna úrgangi hér á landi munu líða mörg ár þar til það gerist. Á meðan mun brennanlegur úrgangur verða fluttur til brennslu erlendis
- Hins vegar er það nýr urðunarstaður. Við þá gríðarlegu breytingu sem er nú að verða á meðhöndlun lífræns úrgangs og svo verðandi breytingu á meðhöndlun brennanlegs úrgangs breytist eðli urðunarstaða. Engu að síður er áætlað að loka urðunarstaðnum í Álfsnesi og nýr staður liggur ekki fyrir. Unnið hefur verið að málinu í nokkur ár og enn án niðurstöðu. Sömuleiðis vantar urðunarstað á Suðurnesjum

6. grein laga nr. 55/2003

[6. gr. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, skal semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn og skal sú áætlun fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir, sbr. 5. gr. Áætlunin skal taka mið af lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu. Í áætluninni skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir. Í áætluninni skal jafnframt fjalla um úrgangsforvarnir [og, eftir atvikum, ráðstafanir sem kveðið er á um í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lúta að plastvörum]. 1) Við gerð áætlunarinnar skal sveitarstjórn auglýsa hana í sex vikur þannig að hagsmunaaðilar, almenningur og stjórnvöld hafi tækifæri til að gera athugasemdir við hana. Kynna skal áætlunina í samræmi við lög nr. 111/2021, um umhverfismat áætlana. **Sveitarstjórn** skal að því loknu staðfesta áætlunina og skal hún vera aðgengileg almenningi. Sveitarstjórn skal á a.m.k. sex ára fresti meta og taka ákvörðun um hvort þörf er á að endurskoða svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Í þeim tilvikum þegar áætlunin þarfnast endurskoðunar skal hún unnin í samræmi við þessa grein. Sveitarstjórn er þó heimilt að uppfæra áætlunina án þess að auglýsa slíkar uppfærslur sérstaklega.

[Sveitarstjórn skal senda Umhverfisstofnun upplýsingar um útgáfu og veigamiklar endurskoðanir á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á því formi sem stofnunin leggur til.] 2)

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð 3) nánari ákvæði um svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, sbr. 43. gr.]